

**Ed.**

### **439. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1942 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1942 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjald með 40% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Í frumvarpi þessu eru framlengd fyrir árið 1942 ákvæði 2. gr. laga nr. 74 1940, um 25% viðauka við ýmis gjöld í ríkissjóð, og laga nr. 96 1940, um 12% gjaldauka við þau gjöld, og námu þessir viðaukar á árinu 1941 40%.